

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2009.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 19. nóvember 2009 skulu handhafar flugrekstrarleyfa fylgja eftirfarandi:

1. Leiðbeiningum skýringarefnis JAA TGL-44 (Temporary Guidance Leaflet No 44 (JAR-OPS)) og leiðbeiningum Flugmálastjórnar Íslands um grunnþjálfunarnámskeið um öryggismál öryggis- og þjónustuliða (EU-OPS: Initial Safety Training of Cabin Crew GM003EN) og um læknisfræðilegt mat á öryggis- og þjónustuliðum (EU-OPS: Cabin crew medical assessment GM004EN), við reglugerð nr. 1263/2008 um flutningaflug flugvéla (EU-OPS).
2. Leiðbeiningum skýringarefnis (Acceptable Means of Compliance (AMC) & Interpretive / explanatory material (AMC & IEM)) við JAR-OPS 3 með vísan til auglýsingar nr. 597/2008 um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2008 um reglur JAR-OPS 3, breyting 5 um flugrekstur með þjulum.
3. Leiðbeiningum Flugmálastjórnar Íslands (GM002EN) við reglugerð nr. 1043/2008 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja.

Óheimilt er að nota aðrar forskriftir en um getur í leiðbeiningum sem hér að framan eru upp taldar nema ef sýnt hefur verið fram á að um jafngildar eða betri aðferðir er að ræða skv. mati Flugmálastjórnar Íslands. Framangreindar leiðbeiningar eru birtar á vefsíðu Flugmálastjórnar Íslands.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 19. nóvember 2009.*

**Pétur K. Maack** flugmálastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2009